

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 660/2011 um loðnuveiðar  
erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2011/2012.**

1. gr.

2. tl. 1. mgr. 3. gr. breytist og orðast svo:

Færeyskum skipum er heimilt að veiða 18.300 lestir í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 17. janúar 2012.*

F. h. r.

**Jóhann Guðmundsson.**

*Kristján Freyr Helgason.*